Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Hildur Björnsdóttir
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogur, 19. október 2026
1510001/ÁÓ

Efni: 1505001: Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu – fjárhagsáætlun 2027

Vísað er til eftirfarandi bókunar 634. fundar stjórnar SSH 5. október sl.:

> ***1505001 - Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu***
>
> *Fyrirliggjandi til kynningar er fjárhagsáætlun ársins 2027 vegna verkefna samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu, auk minnisblaðs svæðisskipulagsstjóra með skýringum á kostnaðarliðum dags. 1. október 2026. Í framhaldinu verður fjárhagsáætlunin send til aðildarsveitarfélaga SSH og Veitna vegna fjárhagsáætlanagerðar þeirra.*
>
> *Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 61. fundar samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu dags. 10. september 2026.*
> *Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 62. fundar samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu dags. 25. september 2026.*
>
> ***Niðurstaða fundar:***
> *Lagt fram til kynningar. Fjárhagsáætlun hópsins er vísað til fjárhagsáætlanagerðar sveitarfélaganna eða eftir atvikum veitufyrirtækja.*

Meðfylgjandi er fjárhagsáætlun samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu fyrir árið 2027, ásamt minnisblaði dags. 1. október 2026 þar sem gerð er nánari grein fyrir fjárhagsáætlun hópsins.

Í fjárhagsáætluninni kemur fram að heildarframlag sveitarfélaganna nemi 40.500.000 kr., þar af eru 26.500.000 kr. vegna reksturs og 14.000.000 kr. vegna nýfjárfestingar.

Áætlað er að greiðsluskipting vegna verkefna samráðshópsins á árinu 2027, verði eftirfarandi:

Greiðsluskipting v. reksturs				
Sveitarfélög /veitur	**Mannfjöldi 1. sept 2026**	**Hlutfall**	**2026 raun+áætlun**	**2027**
0000 Reykjavíkurborg /Veitur/ON	147,308	55.9%	(10,792,819)	(14,819,156)
1000 Kópavogsbær	41,484	15.7%	(3,039,409)	(4,173,282)
1100 Seltjarnarneskaupstaður	4,800	1.8%	(351,682)	(482,879)
1300 Garðabær	21,467	8.1%	(1,572,823)	(2,159,576)
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	34,096	12.9%	(2,498,113)	(3,430,051)
1604 Mosfellsbær	14,265	5.4%	(1,045,154)	(1,435,056)
Samtals v. reksturs	**263,420**	**100.0%**	**(19,300,000)**	**(26,500,000)**

Greiðsluskipting v. nýfjárfestingar				
Sveitarfélög /veitur	**Mannfjöldi 1. sept 2026**	**Hlutfall**	**2026 raun+áætlun**	**2027**
0000 Reykjavíkurborg /Veitur/ON	147,308	55.9%	(1,062,506)	(7,828,988)
1000 Kópavogsbær	41,484	15.7%	(299,216)	(2,204,753)
1100 Seltjarnarneskaupstaður	4,800	1.8%	(34,622)	(255,106)
1300 Garðabær	21,467	8.1%	(154,838)	(1,140,908)
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	34,096	12.9%	(245,928)	(1,812,102)
1604 Mosfellsbær	14,265	5.4%	(102,891)	(758,143)
Samtals v. nýfjárfestingar	**263,420**	**100.0%**	**(1,900,000)**	**(14,000,000)**

Afgreiðsla sveitarfélaga:
Meðfylgjandi er fjárhagsáætlun vegna verkefna samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu fyrir árið 2027. Er þess óskað að tekið verði tillit til hennar í fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins fyrir árið 2027.

Sé frekari kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis sendar á netfangið ssh@ssh.is. Er þess jafnframt óskað að upplýsingar um afgreiðslu málsins berist á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,

Ásdís Ólafsdóttir

Ásdís Ólafsdóttir
sveðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Fylgigögn:

Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu - Fjárhagsáætlun 2027.

Minnisblað - Fjárhagsáætlun samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu árið 2027, skýringar á kostnaðarliðum.

Málsnr. 1505001/ ÁÓ

Minnisblað

Frá: Ásdísi Ólafsdóttur, svæðisskipulagsstjóra, f.h. samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu.
Efni: Fjárhagsáætlun samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu árið 2027, skýringar á kostnaðarliðum.
Dags: 1. október 2026.

Á 62. fundi Samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu þann 25. september 2026 voru drög að fjárhagsáætlun til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

> ***1505001 – Fjárhagsáætlun samráðshóps fyrir 2027***
> *Fyrirliggjandi eru drög að fjárhagsáætlun vegna verkefna samráðshóps fyrir árið 2027. Lagt er til að SSH verði falið að fullvinna fjárhagsáætlun og uppfæra í samræmi við umræður fundarins og senda til stjórnar SSH til kynningar og aðildarsveitarfélaga SSH og Veitna/ON vegna fjárhagsáætlunargerðar þeirra.*
>
> **Niðurstaða fundar:**
> *Samþykkt að SSH uppfæri fjárhagsáætlun til samræmis við umræður fundarins. Þá er samþykkt að í framhaldinu fela SSH að senda fjárhagsáætlun til stjórnar SSH til kynningar, og aðildarsveitarfélaga SSH og Veitna/ON vegna fjárhagsáætlunargerðar þeirra.*

Sjá uppfærða fjárhagsáætlun hópsins á mynd 1.

Í þessu minnisblaði er farið nánar yfir kostnaðarliði fjárhagsáætlunar 2027. Kostnaður vegna reksturs er áætlaður 26.500.000 kr. og vegna nýfjárfestingar 14.000.000 kr. árið 2027.

Ljóst er að umsvif hópsins jukust í tengslum við borun þriggja rannsóknarborhola, sem hófst sumarið 2024. Borun tveggja hola er enn ólokið. Jarðlög á svæðinu eru þannig að mikil óvissa er varðandi kostnað og framkvæmd áframhaldandi borunar á svæðinu. Á 50. fundi samráðshópsins þann 30. janúar 2025 var bókað í fundargerð vegna málsins:

> ***2107002 - Nýjar rannsóknarborholur í Bláfjöllum – mælingar***
> *Fyrirliggjandi er minnisblað frá COWI um möguleika og fyrirkomulag mælinga og mælingabúnað í borholum á Bláfjallasvæðinu.*
> *Verkefnastjóri frá COWI fer yfir minnisblaðið.*
>
> **Niðurstaða fundar:**
> *Fundarmenn eru sammála um að mikilvægt sé að fá í gang mælingar í holunum BF-03, BF-06, BF-07. Einnig er mikilvægt að fá jarðlagagreiningu á holu BF-06.*
> *Ljóst er að óvissa er mikil varðandi kostnað og framkvæmd áframhaldandi borunar BF-09 og BF-08. Niðurstöður mælinganna gætu varpað ljósi á þörf á áframhaldandi borun í holum BF-09 og BF-08, eða nýju holum annars staðar á svæðinu. Ávinningur við áframhaldandi borun með annarri boraðferð en áður, verður að vera meiri en áhættan við borunina.*
>
> *Skrifstofu SSH er falið að athuga möguleika á því að fá jarðlagagreiningu á holu BF-06.*
>
> *Skrifstofu SSH og verkefnastjóra COWI er falið að koma mælingum í gang samkvæmt tillögum í fyrirliggjandi minnisblaði COWI dags. 20.janúar 2025 og gera samninga þar af lútandi.*

Í framhaldinu var málið tekið fyrir á 600. fundi stjórnar SSH þann 3. mars 2025 og samþykkt að tilfærslur yrðu gerðar milli kostnaðarliða fjárhagsáætlunar 2025 til að unnt væri að hefja mælingar á svæðinu. SSH var falið að gera hlutaðeigandi samninga um rekstur og niðursetningu mæla.

Um kostnaðarliði fjárhagsáætlunar 2027

Á vegum samráðshópsins hefur verið unnið að reglubundinni uppfærslu grunnvatns- og rennslislíkans höfuðborgarsvæðisins. Líkanið er hýst hjá ráðgjafastofunni Vatnaskilum og gegnir lykilhlutverki í framfylgd vatnsverndar sem og við mat á áhrifum framkvæmda eða starfsemi á aðrennslissvæðum vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Áætlunin vegna kostnaðarliðarins *Árleg endurskoðun grunnvatns og rennslislíkans* er byggð á kostnaðaráætlun og rauntölum fyrri ára.

Gert er ráð fyrir rekstri vatnsnema í Bláfjöllum en gengið var frá samningum við COWI um uppsetningu og rekstur mælistöðva grunnvatns í þremur borholum vorið 2025. Áætlun vegna kostnaðarliðarins *Rekstur vatnsnema í Bláfjöllum* er byggð á samningunum. Mælibúnaður er þegar til staðar í tveimur af þremur holum en á árinu 2026 var á áætlun að koma niður nema í þriðju holuna. Hindranir reyndust fyrir því og miðast fjárhagsáætlun ársins 2027 því við rekstur mæla í tveimur holum.

Kostnaðarliðurinn *Verkefnastjórnun og ráðgjöf v. verkefna hópsins* var einnig á áætlun hópsins fyrir árið 2026. Verkefni hópsins og umsvif hans eru töluvert umfangsmeiri en áður. Borun rannsóknarborhola, rekstur og niðursetning mæla hefur bæst við verkefni hópsins á undanförnum árum. Auk þess hefur borið á fyrirætlunum um uppbyggingar- og skipulagsverkefni í nágrenni vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins. Fyrir liggur einnig að leggja þarf mat á þau mæligögn sem safnast á Bláfjallasvæðinu og í framhaldinu mat á þörf fyrir áframhaldandi borun á svæðinu. Af þeim ástæðum er talið nauðsynlegt að tryggja svigrúm í fjárhagsáætlun til að hafa möguleika á að óska eftir sérfræðiráðgjöf, aðstoð við utanumhald verkefna og undirbúning funda, eftir þörfum. Þetta er sérstaklega mikilvægt á meðan verkefnin eru jafn umfangsmikil og nú er.

Tafla 1 Kostnaðarliðir fjárhagsáætlunar 2027 vegna reksturs.

Kostnaðarliðir v. reksturs	**Áætlun 2027**
Árleg endurskoðun grunnvatns og rennslislíkans	16.000.000 kr.
Rekstur vatnsnema í Bláfjöllum	2.600.000 kr.
Verkefnastjórnun og ráðgjöf v. verkefna hópsins	6.000.000 kr.
Annað og óvissuálag	1.900.000 kr.

Eins og áður hefur komið fram hefur borun rannsóknarborhola á Bláfjallasvæðinu verið stöðvuð og gert er ráð fyrir að ákvörðun um áframhaldandi borun verði tekin þegar niðurstöður mælinga liggja fyrir. Ekki er gert ráð fyrir að áframhaldandi borunum á fjárhagsáætlun ársins 2027[1]. Verði tekin ákvörðun um að hefja skuli borun að nýju á árinu 2027, mun verða sérstaklega óskað eftir fjármagni vegna þess verkefnis. Þó er gert er ráð fyrir kostnaði vegna frágangs á svæðinu undir liðnum *Borun rannsóknarborhola*.

Verkefnastýring og sérverkefni v. borunar er enn liður á kostnaðaráætlun en gert er ráð fyrir áframhaldandi sérfræðiráðgjöf tengt borverkefni á svæðinu. Til dæmis varðandi ákvörðun um áframhald á borun og boraðferð, auk ráðgjafar við frágang á svæðinu. Þessi kostnaður er þó lægri en árið 2026.

Liðnum *óvissa* var bætt við vegna óvissu bæði vegna reksturs og nýfjárfestingar en það er gert vegna reynslu fyrri ára af óvissu tengdri verkefnum hópsins. Þessi liður er lægri en árið 2026.

Tafla 2. Kostnaðarliðir fjárhagsáætlunar 2027 vegna nýfjárfestingar.

Kostnaðarliðir v. nýfjárfestingar	**Áætlun 2027**
Borun rannsóknarborhola	10.000.000 kr.
Verkefnastýring og sérverkefni v. borunar	2.000.000 kr.
Óvissa	2.000.000 kr.

[1] Ekki var heldur gert ráð fyrir borun á áætlun 2026.

Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu
Fjárhagsáætlun 2027

	Raun. M01-08 Áætlað M09-12 2026	Áætlun 2026	Áætlun 2027
Tekjur			
Framlög aðildarsveitarfélaga	21,200,000	53,400,000	40,500,000
Samtals tekjur	21,200,000	53,400,000	40,500,000
Rekstur			
Árleg endurskoðun grunnvatns og rennslislíkan	(15,500,000)	(15,500,000)	(16,000,000)
Rekstur vatnsnema í Bláfjöllum	(2,300,000)	(3,700,000)	(2,600,000)
Verkefnastjórnun og ráðgjöf v. verkefna hópsins	(1,500,000)	(5,000,000)	(6,000,000)
Annað og óvissuálag		(1,900,000)	(1,900,000)
Samtals rekstur	(19,300,000)	(26,100,000)	(26,500,000)
Nýfjárfesting			
Borun rannsóknarborhola		(10,000,000)	(10,000,000)
Verkefnastýring og sérverkefni v. borunar	(1,200,000)	(3,000,000)	(2,000,000) *
Innkaup, niðursetning vatnsnema og jarðlagagreining í Bláfjöllum	(700,000)	(1,000,000)	
Uppsetning mælistöðvar í borholu BF-03		(10,000,000)	
Varamælir og óvissa		(3,300,000)	
Óvissa			(2,000,000)
Samtals nýfjárfesting	(1,900,000)	(27,300,000)	(14,000,000)
Samtals kostnaður	(21,200,000)	(53,400,000)	(40,500,000)
SSH	0	0	0

Greiðsluskipting v. reksturs				
Sveitarfélög /veitur	**Mannfjöldi 1. sept 2026**	**Hlutfall**	**2026 raun+áætlun**	**2027**
0000 Reykjavíkurborg /Veitur/ON	147,308	55.9%	(10,792,819)	(14,819,156)
1000 Kópavogsbær	41,484	15.7%	(3,039,409)	(4,173,282)
1100 Seltjarnarneskaupstaður	4,800	1.8%	(351,682)	(482,879)
1300 Garðabær	21,467	8.1%	(1,572,823)	(2,159,576)
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	34,096	12.9%	(2,498,113)	(3,430,051)
1604 Mosfellsbær	14,265	5.4%	(1,045,154)	(1,435,056)
Samtals v. reksturs	**263,420**	**100.0%**	**(19,300,000)**	**(26,500,000)**

Greiðsluskipting v. nýfjárfestingar				
Sveitarfélög /veitur	**Mannfjöldi 1. sept 2026**	**Hlutfall**	**2026 raun+áætlun**	**2027**
0000 Reykjavíkurborg /Veitur/ON	147,308	55.9%	(1,062,506)	(7,828,988)
1000 Kópavogsbær	41,484	15.7%	(299,216)	(2,204,753)
1100 Seltjarnarneskaupstaður	4,800	1.8%	(34,622)	(255,106)
1300 Garðabær	21,467	8.1%	(154,838)	(1,140,908)
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	34,096	12.9%	(245,928)	(1,812,102)
1604 Mosfellsbær	14,265	5.4%	(102,891)	(758,143)
Samtals v. nýfjárfestingar	**263,420**	**100.0%**	**(1,900,000)**	**(14,000,000)**

*Borun hefur verið stöðvuð. Sérverkefni tengjast meðal annars ákvörðun varðandi áframhaldandi borun og verkefnum tengdum leyfisveitingum ofl.

Mynd 1: Fjárhagsáætlun Samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu árið 2027 uppfærð í samræmi við ákvörðun 62. fundar samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu.

Virðingarfyllst,

Ásdís Ólafsdóttir

Ásdís Ólafsdóttir
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu
Fjárhagsáætlun 2027

	Raun. M01-08 Áætlað M09-12 2026	Áætlun 2026	Áætlun 2027	
Tekjur				
Framlög aðildarsveitarfélaga	21,200,000	53,400,000	40,500,000	
Samtals tekjur	21,200,000	53,400,000	40,500,000	
Rekstur				
Árleg endurskoðun grunnvatns og rennslislíkan	(15,500,000)	(15,500,000)	(16,000,000)	
Rekstur vatnsnema í Bláfjöllum	(2,300,000)	(3,700,000)	(2,600,000)	
Verkefnastjórnun og ráðgjöf v. verkefna hópsins	(1,500,000)	(5,000,000)	(6,000,000)	
Annað og óvissuálag		(1,900,000)	(1,900,000)	
Samtals rekstur	(19,300,000)	(26,100,000)	(26,500,000)	
Nýfjárfesting				
Borun rannsóknarborhola		(10,000,000)	(10,000,000)	
Verkefnastýring og sérverkefni v. borunar	(1,200,000)	(3,000,000)	(2,000,000)	*
Innkaup, niðursetning vatnsnema og jarðlagagreining í Bláfjöllum	(700,000)	(1,000,000)		
Uppsetning mælistöðvar í borholu BF-03		(10,000,000)		
Varamælir og óvissa		(3,300,000)		
Óvissa			(2,000,000)	
Samtals nýfjárfesting	(1,900,000)	(27,300,000)	(14,000,000)	
Samtals kostnaður	(21,200,000)	(53,400,000)	(40,500,000)	
SSH	0	0	0	

Greiðsluskipting v. reksturs				
Sveitarfélög /veitur	**Mannfjöldi 1. sept 2026**	**Hlutfall**	**2026 raun+áætlun**	**2027**
0000 Reykjavíkurborg /Veitur/ON	147,308	55.9%	(10,792,819)	(14,819,156)
1000 Kópavogsbær	41,484	15.7%	(3,039,409)	(4,173,282)
1100 Seltjarnarneskaupstaður	4,800	1.8%	(351,682)	(482,879)
1300 Garðabær	21,467	8.1%	(1,572,823)	(2,159,576)
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	34,096	12.9%	(2,498,113)	(3,430,051)
1604 Mosfellsbær	14,265	5.4%	(1,045,154)	(1,435,056)
Samtals v. reksturs	**263,420**	**100.0%**	**(19,300,000)**	**(26,500,000)**

Greiðsluskipting v. nýfjárfestingar				
Sveitarfélög /veitur	**Mannfjöldi 1. sept 2026**	**Hlutfall**	**2026 raun+áætlun**	**2027**
0000 Reykjavíkurborg /Veitur/ON	147,308	55.9%	(1,062,506)	(7,828,988)
1000 Kópavogsbær	41,484	15.7%	(299,216)	(2,204,753)
1100 Seltjarnarneskaupstaður	4,800	1.8%	(34,622)	(255,106)
1300 Garðabær	21,467	8.1%	(154,838)	(1,140,908)
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	34,096	12.9%	(245,928)	(1,812,102)
1604 Mosfellsbær	14,265	5.4%	(102,891)	(758,143)
Samtals v. nýfjárfestingar	**263,420**	**100.0%**	**(1,900,000)**	**(14,000,000)**

*Borun hefur verið stöðvuð. Sérverkefni tengjast meðal annars ákvörðun varðandi áframhaldandi borun og verkefnum tengdum leyfisveitingum ofl.

Samþykkt 25/09/2026 á 62. fundi

Reykjavíkurborg

Reykjavík, 26. október 2026
MSS26100102

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Fjárhagsáætlun starfshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu 2027

Vísað er til bréfs svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 19. október 2026, þar sem lögð er fram tillaga að fjárhagsáætlun 2027 vegna verkefna samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu auk minnisblaðs með skýringum á kostnaðarliðum, þar sem gerð er grein fyrir fjárhagsáætlun hópsins.

Lagt er til að á árinu 2027 verði framlög vegna reksturs grunnvatns- og rennslislíkans um 16 m.kr. sem er byggt á kostnaðaráætlun og rauntölum fyrri ára. Kostnaður vegna reksturs vatnsnema í Bláfjöllum, verkefnastjórnunar og ráðgjafar svo og vegna annars óvissuálag nema 10.5 m.kr. Kostnaðaráætlun vegna nýfjárfestinga nemur um 14 m.kr. og er það á meðal borun rannsóknarhola, verkefnastýring og sérverkefni vegna borunar og fl. Fjárhagsáætlun ársins 2027 er því umtalsvert lægri en á árinu 2026 eða um 24%.

Samkvæmt greiðsluskiptingu milli sveitarfélaga vegna nefndra verkefna sem byggir á mannfjölda þann 1. september 2026 er gert ráð fyrir að heildarkostnaður Reykjavíkurborgar (55,9%) fyrir árið 2027 verði 22.648.144 kr. og er gjaldfært á Orkuveitu Reykjavíkur.

Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemdir við framlagða fjárhagsáætlun vegna ársins 2027.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs